

Nr. 18-157 S 103 Sörli ST 67**Strandar í Þaralátursfirði**

Skipaskr.nr. 6738
Smíðaður: Skagaströnd 1986, plast
Útgerð: Útgerðarfélagið Ískrókur ehf
Stærð: 8,73 brl. 5,85 bt.
Mesta lengd: 9,28 m Skráð lengd: 7,95 m
Breidd: 2,99 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Volvo Penta 160 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 2



Sörli © Ólína Bjarnadóttir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. ágúst 2018 lá Sörli ST 67 við legufæri í Þaralátursfirði. Veður: (Straumnesviti) ANA 5 – 6 m/s.

Báturinn hafði legið í firðinum í nokkra daga en þennan dag barst tilkynning til Vaktstöðvar siglinga um að hann væri strandaður á stað, 66°15'070N og 022°08'828V. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson fór á staðinn en ekki tókst að ná bátnum á flot á ný fyrr en 25. ágúst.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn lá fyrir akkeri. Við skoðun kom í ljós að akkeriskeðjan hafði brugðið utan um aðra flaugina og því hafði akkerið líklega ekki náð góðri festu;
- að skipstjóri sagðist hafa bakkað í akkerið og báturinn snúist á því þannig að hann taldi það hafa verið í góðri festu;
- að báturinn strandaði í sandfjöru og urðu engar skemmdir á honum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.